

11. mars 2024



Kynning félags- og vinnumarkaðsráðuneytis hjá fjárlaganefnd vegna framkvæmdar fjárlaga 2024

Stjórnarráð Íslands

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið



Áhættumat fjárlaga 2024

Málaflokkur	Fjárlagaliður	Skýring áhættuþáttar	Fjárhæðarmat	Tillaga að úrlausn
27.1-27.3	07-827/07-825	Afgangur á bótaliðum örorku	2.500	Ónýtt heimild
28.1-28.3	07-827/07-825	Afgangur á bótaliðum ellilífeyris	4.000	Ónýtt heimild
30.10	07-984-111	Atvinnuleysistryggingasjóður	4.000	Ónýtt heimild

Í töflunni er yfirlit fjárlagaliða þar sem gert er ráð fyrir útgjöldum **undir fjárheimildum árið 2024**. Eins og sést gera áætlanir ráð fyrir talsverðum afgangi af fjárheimildum vegna greiðslum á örorkulífeyri og ellilífeyri auk þess sem atvinnuleysi er lægra en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir þegar frumvarpið var unnið sl. sumar.



Áhættumat fjárlaga 2024

Málaflokkur	Fjárlagaliður	Skýring áhættuþáttar	Fjárhæðarmat	Tillaga að úrlausn
10.5	07-325-101	Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd	7.300	Almennur varasjóður / FAUK
29.4	07-999-170	Öryggisvistun	200	FAUK
29.7	07-999-110	Endurgreiðslur vegna 15. gr. laga um félagsaðstoð sveitarfélaga	Óvíst	Óvíst en tillaga í FAUK
29.7	07-999-149	Neyðarskýli vegna útlendinga	140	Óvíst með þörf á viðbót
30.10	07-981-121	Vinnusamningar öryrkja	400	FAUK
30.10	07-982-101	Ábyrgðarsjóður launa	130	FAUK

Í töflunni er yfirlit fjárlagaliða þar sem gert er ráð fyrir útgjöldum umfram fjárheimildir árið 2024.

Sá fjárlagaliður sem gert er ráð fyrir hæstum viðbótarútgjöldum er þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Fjárheimild 2024 skv. fjárlögum er 7.902 m.kr.



Nánar um þjónustu við umsækjendur um vernd

- Nánari umfjöllun í minnisblaði um kostnað fjárlagaliðar 07-325-101 Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd
- Áhrifaþættir á þróun útgjalda fjárlagaliðar vegna þjónustunnar eru:
 - Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd á hverjum tíma
 - Málsmeðferðartíma hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendinga, málsmeðferð er nú 175-180 dagar hjá hvoru stjórnarsýslustigi fyrir sig. Markmið stjórnvalda eru 90 dagar á hvoru stjórnarsýslustigi.
 - Hraði dómsmálaráðuneytis og Ríkislögreglustjóra við framkvæmd brottvísana.
- Þjónusta við einstakling kostar að meðaltali um 11 þús. kr. á dag



Nánar um flóttafólk sem hefur fengið vernd

- Nánari umfjöllun í minnisblaði um kostnað vegna einstaklinga sem hafa hlotið vernd
- **Málefni innflytjenda og flóttafólks**
 - Unnið er að stefnumótun í málaflokknum. Gert í samráði við hagaðila.
 - Samræmd móttaka flóttafólks.
 - Árið 2023 voru samningar við 13 sveitarfélög um þjónustu við 3.500 einstaklinga.
 - Samningur við Rauða krossinn um félagslegan stuðning við einstaklinga í samræmdri móttöku.
 - Vinnumálastofnun hefur milligöngu um íslenskunámskeið og aðstoð við atvinnuleit.



Nánar um flóttafólk sem hefur fengið vernd

- Endurgreiðslur skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
 - Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum fjárhagsaðstoð við einstaklinga í tvö ár frá skráningu lögheimilis.
 - Reglur frá 2014 um hvaða stuðningur er endurgreiddur.
 - Fjárhagsaðstoð í 24 mánuði
 - Húsbúnaðarstyrkur 100.000 kr. pr. einstakling
 - Tannlæknakostnaður 80.000 pr. einstakling á ári
 - Sérfræðiaðstoð 200.000 kr. pr. einstakling á ári
- Við bætist sérstök aðstoð vegna barna, námsstyrkur, túlkþjónusta, frístundastyrkur og fl. sem er háð mismunandi reglum eftir sveitarfélögum.